

því sèr ekki fært að breyta útaf þeim reglum um endurgjald korn-  
ins, sem settar voru með brèfi stjórnarráðsins 4. oktbr. 1867<sup>1</sup>  
og samþykktar með konungsúrskurði 24. desembr. s. á., verður  
samkvæmt þessum reglum um endurgjald þess verðs, sem sett  
var á hinar fyrnefndu 10 tunnur af korni, þegar að borga  $\frac{2}{7}$   
parta uppí verðið, og í vöxtu af allri upphæðinni 4 rd. af 100  
á ári frá 1. apríl. 1869, og af  $\frac{6}{7}$  þörtum af upphæðinni frá 1.  
apríl 1869 til 1. apríl þ. á., en það, sem eptir er, má standa,  
einsog þèr, herra amtmaður, hafið sókt um.

1870.  
21. júní.

**50. Bréf dómstjórinnarinnar til amtmannsins yfir  
nordur- og austurumdæminu, um pósthferðir þar í  
umdæminu.**

21. júní.

Í brèfi, dagsettu 8. febrúarm. þ. á., hafið þèr, herra amtmaður,  
meðal annars skýrt frá, að þeir 400 rd., sem samkvæmt brèfi  
stjórnarráðsins 25. febrúar f. á.<sup>2</sup> eru ætlaðir til pósthferða í nordur-  
og austurumdæminu, hrökkvi eigi til að standast kostnað á hinum  
venjulegu pósthferðum í umdæminu, og að þèr sökum þess hafið  
neyðzt til að taka af eina ferðina til Reykjavíkur og tvær ferðir  
frá Eskihrði til Akureyrar. Í brèfi, dagsettu 20. s. m., hafið þèr  
því næst farið þess á leit, til að bæta pósthgöngurnar í umdæminu,  
sem með þessu fyrirkomulagi yðar eru ónógar: að einni eða tveim-  
ur af þeim sjö ferðum, sem til ætlazt er að pósthgufuskipið fari til  
Reykjavíkur, verði sleppt, gegn því, að skipið komi við Norðurland  
á hinum ferðunum, á þann hátt, sem þèr hafið nákvæmlegar til-  
tekið í brèfi yðar. Útaf þessu er yður hère með til vitundar gefið, yður til leið-  
beiningar, að þareð til er ætlazt í brèfi stjórnarráðsins 25. febrúar  
f. á., að svo geti farið, að nauðsyn beri til að fara út yfir þá  
upphæð, sem ætluð er til pósthferða í hverju umdæmi, og svo fyrir

1) Tíðindi um stjórnamálefni Íslands II., 473.

2) Tíðindi um stjórnamálefni Íslands II., 592.

1870.  
21. júní.

mælt, að búast megi við, að það, sem á vantar, verði lagt til úr jafnaðarsjóði þess amts, sem í hlut á, hefir stjórnarráðið furðað sig mjög á því, að þér, herra amtmaður, af ótta fyrir því, að fara út yfir þá upphæð, sem ætluð var handa norður og austurumdæminu, skulið hafa leitað þeirra úrræða, af sjálfsdáðum að fella þær póstferðir úr, sem getið er um að framan, og þar á ofan einmitt þá ferðina, sem ætlazt er til að sendir verði með sýslu- og umboðsreikningar, svo þeir komi í tækan tíma, þá er á að búa til fjárhagsáætlunina og ríkisreikningana, heldur en að fara þá leið, sem stjórnarráðið hefir vísað til í fyrnefndu bræfi, að bera það upp við stjórnarráðið, að fá það fê, er kynni á að vanta. Stjórnarráðið mælist því til, að þér, herra amtmaður, látið eptirleiðis fara þá póstferð til Reykjavíkur, sem um var getið, og sömuleiðis hinar tvær póstferðirnar milli Akureyrar og Eskifjarðar, og má, ef svo ber undir, taka fê til þess úr jafnaðarsjóðnum.

Að endingu skal því við bætt, að stjórnarráðið álitur það árangurslaust, að semja við póststjórnina um breytingu á hinum árlegu ferðum póstgufuskipsins nú sem stendur.

23. júní.

### 51. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um reikninga sýslumanna útaf skipastrandi.

Þér hafið, herra amtmaður, í bræfi, dagsettu 2. febrúarm. þ. á. spurt, hvort það sè ekki yðar skylda, án tillits til, hvort hlutaðeigendur hafi krafizt þess eða ekki, að endurskoða og leggja úrskurð á reikninga sýslumanna yfir dagpeninga og gjaldheimtur útaf strandi hins frakkneska fiskiskips Emilíu, er var selt við opinbert uppboð. Það skal yður því til vitundar gefið hérmeð, yður til leiðbeiningar og frekari framkvæmda, að þessi skylda verður að heyra amtmanni til. Því skal einnig við bætt, að þér megið búast við svari uppá aðra spurningu í sama bræfi, því stjórnarráðið er nú að skrifast á um hana við aðalskattastjórnina.